

Fundarmenn: Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri RDA innleiðingar

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.  
Hildur sagði í stuttu máli frá stöðu verkefna.
2. Gildistími skráningarheimilda. Erindi frá Magnhildi.  
Ákveðið að halda sig við fyrri ákvörðun um að fella úr gildi eldri skráningarheimildir í maí 2016 eftir að námskeiðum í RDA skráningu er lokið. Ef einhverjir hafa ekki náð að taka námskeiðin á vorönn verður hægt að veita undanþágu í einstaka tilfellum og jafnvel bjóða upp á námskeið á haustönn ef þurfa þykir. Eftir að skráningu á námskeiðin verður lokið er hægt að athuga hverjir af þeim sem eru með skráningarheimild hafa ekki skráð sig á námskeið. Nýjar skráningarheimildir hafa ótímabundinn gildistíma.
3. Svið 041 í kvikmyndaskráningu. Erindi frá Hallfríði.  
Í Handbók skrásetjara hefur verið gert ráð fyrir að skjátexti sé alltaf þýðing á tali, en tungumál skjátexta getur verið það sama og tungumál tals. Kvikmyndahópurinn leggur til að deilisvið j verði notað til að greina tungumál skjátexta í stað deilisviðs b. Einnig hvort ekki ætti að nota deilisvið h til að greina það tungumál sem myndin er tekin upp á (talsettar myndir). Hallfríður og kvikmyndahópurinn munu skoða betur hvernig best sé að nota 008 sviðið í þessu samhengi. Hildur bendir á að hægt sé að nota kerfiskeyrslur til að breyta deilisviði b í j í Gegni. Hallfríður mun hafa samband við Árnýju í Bókasafni Hafnarfjarðar og Dodda á Amtsbókasafninu og bera þetta undir þau.
4. Vinnuhópar skráningarráðs um RDA-skráningu.  
Fyrsti fundur var haldinn 9. október. Á drifi Landsbókasafns er skjalamappa með gögnum hvers hóps. Fundargerðir eru í

Dropboxi. Stefnt er að því að vinnuhópar ljúki störfum fyrir áramót. Næsti fundur er 27. október.

5. Uppfærsla á tímaritafærslum fyrir áskriftir í landsaðgangi. Farið hefur verið í gegnum áskriftir í landsaðgangi. Hent út titlum sem eru ekki lengur í áskrift og nýjum hlaðið inn. Hildur og Hallfríður fóru handvirkt í gegnum nokkra titla.

Hildur upplýsir að Springer rafbækur í landsaðgangi finnast illa í Leitir.is. Unnið er að því að hlaða í Gegni OCLC færslum fyrir rafbækurnar til þess að bæta aðgengið.

6. Önnur mál

Hildur spyr hvort eigi að láta RDA reglurnar leka inn í Gegni. RDA færslur berast með sóttum færslum en að öðru leiti telur skráningarráð heppilegast að skrásetjarar skipti yfir eftir námskeiðin. Kerfisteymi þarf að skoða núverandi fix og búa til ný template.

Næsti fundur er boðaður 12. nóvember kl. 10-12